4. gr.

5. töluliður D-hluta 2. viðauka II. kafla reglugerðarinnar (Merkingar) orðast svo:

Umbúðir próteinfóðurs sem ætlað er fyrir loðdýr skulu vera greinilega merktar með eftirfarandi áletrun: „Þetta fóður inniheldur dýraafurðir – óheimilt er að gefa það dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis". Auk þess skulu umbúðir alls fóðurs sem inniheldur dýraprótein vera greinilega merktar með nákvæmri efna- og innihaldslýsingu í samræmi við 15. gr. I. kafla, sbr. nánari ákvæði í 7., 8., 9. og 10. viðauka II. kafla, þar sem fram kemur að í fóðrinu séu dýraafurðir.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi og er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af eftirtöldum gerðum sem vísað er til í I. viðauka II. kafla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið; Gerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2013/2001/EB, 2200/2001/EB, 2205/2001/EB og 2380/2001/EB, eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2002 og tilskipun ráðsins nr. 2001/102/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/1/EB eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2003.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson

Nr. 203 17. mars 2003

REGLUGERÐ

um dreifingu ösku utan kirkjugarðs.

Almennt ákvæði.

1. gr.

Sækja má um leyfi til dreifingar á ösku látinna einstaklinga til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Umsóknir.

2. gr.

Umsókn um leyfi til að dreifa ösku skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið leggur til. Í umsókninni skal koma fram:

1. Fullt nafn, kennitala og lögheimili þess sem sækir um leyfi til að dreifa ösku.
2. Fullt nafn, kennitala og dánardagur hins látna.
3. Heiti og/eða lýsing á þeim stað sem dreifa á öskunni á.
4. Skrifleg beiðni eða samþykki hins látna, ef fyrir liggur.
5. Ef ekki liggur fyrir skrifleg beiðni skv. lið 4, er nægilegt að lögð sé fram skrifleg staðfesting nánustu aðstandenda um að það hafi verið vilji hins látna að ösku hans yrði dreift.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu.

3. gr.

Þess er krafist að fyrir liggi skrifleg beiðni eða samþykki hins látna fyrir dreifingu öskunnar eða a.m.k. skrifleg staðfesting aðstandenda um að það hafi verið vilji hins látna að ösku hans yrði dreift.

4. gr.

Aðeins er heimilt að dreifa ösku látinna manna yfir haf og óbyggðir. Með þessu er verið að koma í veg fyrir að ösku látinna manna sé dreift yfir byggð, væntanlega byggð eða stöðuvötn.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja upp minnisvarða, minningarplötu eða annars konar minnismerki á þeim stað þar sem öskunni er dreift eða annars staðar nálægt þeim stað.

6. gr.

Þegar aska hefur verið afhent úr líkhúsi til dreifingar er óheimilt að geyma hana og ber þeim sem leyfið hefur fengið að dreifa aðeins á þann stað sem samþykktur hefur verið.

7. gr.

Að öskudreifingu lokinni skal duftkeri tafarlaust skilað til bálstofunar í Reykjavík.

8. gr.

Sé sótt um leyfi til að dreifa ösku einhvers sem nú þegar hvílir í kirkjugarði, skal afla samþykkis biskups Íslands og héraðslæknis, sbr. 46. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, áður en unnt verður að framkvæma öskudreifinguna.

Skrifleg staðfesting.

9. gr.

Eftir að dreifing ösku hefur farið fram skal sá sem fengið hefur leyfið, leggja fram skriflega staðfestingu á þar til gerðu eyðublaði sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið leggur til, um að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við reglugerð þessa. Skrifleg staðfesting skal berast ráðuneytinu eigi síðar en einu ári eftir að leyfi til dreifingar var veitt.

Upplýsingar til legstaðaskrár.

10. gr.

Þegar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefur borist staðfesting þess efnis að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við settar reglur og tilkynning um nákvæma staðsetningu dreifingar, skal ráðuneytið upplýsa legstaðaskrá Kirkjugarðasambands Íslands um það hvar öskunni hafi verið dreift.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 7. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 frá 4. maí 1993, sbr. lög nr. 32 frá 16. apríl 2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 2003.

Sólveig Pétursdóttir.

Hjalti Zóphóníasson.